

Vestmannaeyjabær hefur óskað eftir umsögn undirritaðs lögmanns um lögmati skipunar stjórnar Herjólfss ohf. á aðalfundi félagsins sem haldinn var föstudaginn 31. maí sl. Nánar tilgreint er vísað til tveggja atriða sem óskað er eftir umsögn um:

1. **Hvort bæjarstjóra hafi borið að skila inn umboði á aðalfundinn frá bæjarstjórn Vestmanneyja.**
2. **Tillögur um stjórn, ráðstöfun hagnaðar og stjórnarlaun hafi ekki borist stjórn 5 dögum fyrir fund og ekki hafi verið borin upp sérstök tillaga um að falla frá 5 daga reglunni.**

Undirritaður hefur ekki fundargerð vegna aðalfundarins við gerð þessarar umsagnar.

1. **Hvort bæjarstjóra hafi borið að skila inn umboði á aðalfundinn frá bæjarstjórn Vestmannaeyja.**

Herjólfur ohf. er opinbert hlutafélag. Um slík félög gilda lög um hlutafélög nr. 2/1995, sbr. 1. gr. laganna (hl). Í samræmi við 27. gr. hl. hefur verið gefið út hlutabréf í Herjólfur ohf. Einn hluthafi, Vestmannaeyjabær, fer með alla hluti í félaginu. Bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar hefur prókúruumboð f.h. Vestmannaeyjabæjar skv. 4. mgr. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins skv. 1. mgr. sömu greinar. Að lögum er því bæjarstjóri forsvarsmaður Vestmannaeyjabæjar án þess að til þess komi sérstakt annað umboð. Þegar af þeirri ástæðu hefur bæjarstjóri heimild að lögum til að mæta f.h. Vestmannaeyjabæjar á aðalfund Herjólfss ohf., án sérstaks umboðs.

Þann 15. maí 2018, veitti bæjarstjórn Vestmannaeyja með ákvörðun sinni, bæjarstjóra Vestmannaeyja heimild til að stofna Herjólfur ohf. í samræmi við tilvitnuð drög að stofngögnum. Í stofngögnum þ.e. samþykktum fyrir félagið er tekið fram að bæjarstjóri fari með alla hluti bæjarins í félaginu, sbr. 4.tl. samþykktanna. Undanskilið er sala á hlutum í Herjólfur ohf., en áskilið er í samþykktum félagsins samþykki bæjarstjórnar Vestmannaeyja fyrir því.

Að öllu framangreindu telur undirritaður að bæjarstjóri hafi skýrt umboð f.h. Vestmannaeyjabæjar til að mæta á aðalfund Herjólfss ohf. og taka ákvarðanir f.h. hluthafans, nema það sé sérstaklega undanskilið s.s. um sölu á hlutafé í Herjólfur ohf.

Það skal tekið fram að töluliðir 13. og 19. í samþykktum Herjólfss ohf. um skrifleg og dagsett umboð sem styðjast við ákvæði hlutafélagalaga eiga við þegar að lög eða aðrar heimildir leiða ekki til annars umboðs.

2. **Tillögur um stjórn, ráðstöfun hagnaðar og stjórnarlaun hafi ekki borist stjórn 5 dögum fyrir fund og ekki hafi verið borin upp sérstök tillaga um að falla frá 5 daga reglunni.**

Undirritaður telur að með framangreindu sé vísað til 14. tl. samþykktu Herjólfss ohf., en þar segir um þetta efni: „Stjórn félagsins skal boða til fundarins með ábyrgðarbréfi, símskeyti, eða á annan sannanlegan hátt með tveggja vikna fyrirvara hið styðsta, til hvers hluthafa, sem skráður er í bókum félagsins. Fundarefnis skal getið í fundarboðinu. Ef taka á til meðferðar á fundinum tillögur til breytinga á samþykktum félagsins skal greina meginefni tilögunnar í fundarboði. *Tillögur frá hluthöfum sem bera á fram á aðalfundi skulu komnar í hendur stjórnar félagsins eigi síðar en 5 dögum fyrir aðalfund til þess að*

þær séu teknar til umræðu á næsta aðalfundi, nema fundurinn einróma leyfi að tillögur séu teknar til umræðu. Tillögur sem berast stjórninni skal hún þegar senda hluthöfum bréflaga.“

Framangreind tilvísun til samþykktá félagsins styðst við ákvæði hlutafélagalaga sbr. t.d. 88. og 90. gr. laganna.

Tilgangur þessara ákvæða er sú að stjórn gefist færi á því við fundarboðun að dagskrá fundarins sé skýr þannig að hluthafar geti áttað sig á því hvaða mál verða tekin fyrir á fundinum.

Þau mál sem vísað er til hér að ofan, sbr. tillögur um stjórn, ráðstöfun hagnaðar og stjórnarlaun varða mál sem að lögum er skylt að taka ákvörðun um á aðalfundi sbr. 84. gr. hl. sem og samþykktá félagsins sbr. 15. tl. þeirra. Allra þessara mála var því getið í dagskrá fundarins í fundarboði eða vísað til samþykktá félagsins varðandi þau enda um að ræða málefni sem skylt er að taka til afgreiðslu á aðalfundi Herjólfshf. Þá er skýrt tekið fram í 89. gr. hl. að aðalfundur geti ávallt afgreitt mál sem skylt er að taka þar til meðferðar samkvæmt lögum eða félagssamþykktum. Ekki verður séð að þörf sé að því að nýta heimild í 89. gr. hl. og 14. tl. samþykktá Herjólfshf., um samþykki allra hluthafa eða einróma leyfi, varðandi þær tillögur sem hér um ræðir.

Undirritaður telur að almennt séð þá krefjist orðalagið „nema fundurinn einróma leyfi að tillögur séu teknar til umræðu“ eða „samþykki allra hluthafa“ eins og áskilið er í 89. gr. hl., ekki þess, að leggja þurfi sérstaka tillögu um framangreint fyrir fundinn til samþykktar. Ef fyrir liggur óumdeilt samþykki tilskilins fjölda hluthafa fyrir því að tillaga komist að með vísan til framangreindrar heimildar, þá uppfylli það skilyrði laga. Ef mótmæli koma fram á fundinum þá myndi fundarstjóri úrskurða um lögmati framkominnar tillögu. Ítrekað er að fundargerð liggur ekki fyrir en bent er á að framangreind ákvæði eru fyrst og fremst í þágu hluthafa, varðandi réttindi þeirra og skyldur. Eins og mál þetta er vaxið þá var það eini hluthafi félagsins sem lagði fram tillögur þær sem hér er um fjallað og samþykkti þær. Því telur undirritaður að skýrt liggir fyrir samþykki hluthafans á fundinum fyrir þessari tilhögun á aðalfundi Herjólfshf. og framangreindar tillögur því réttilega fram bornar og samþykktar. Áréttað er að umræddar tillögur vörðuðu mál sem að lögum og samþykktum félagsins var skylt að afgreiða á aðalfundinum og komu skýrt fram í dagskrá fundarins. Því þurfti ekki heimild 89. gr. hl. eða 14. tl. samþykktá félagsins til að bera þær fram en þó svo væri lá fyrir skýrt samþykki hluthafans og því fundarins fyrir framlagningu þessara tillagna.

Undirritaður vill hins vegar benda á a. lið 63. gr. hl. Þar kemur fram að ef hlutafélagi ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda skv. 1-3. mgr. 98. gr. laga nr. 3/2006 þá skuli tilkynna skriflega með skemmst fimm daga fyrirvara fyrir hluthafafund, um framboð til stjórnar í hlutafélagi. Herjólfur ohf. uppfyllir þessi skilyrði ekki skv. ársreikningi fyrir árið 2018 en ef tvö þessara atriða eiga við þ.e. starfsmenn verða fleiri en 50, efnahagsreikningur hærri en 200 milljónir eða rekstrarreikningur yfir 400 milljónir þá myndi þetta ákvæði eiga við um Herjólf ohf. til framtíðar litið.

Virðingarfyllt,


Jóhann Pétursson, lögmaður